

Tillaga til þingsályktunar

um rásir fyrir búfánað til að koma í veg fyrir slys.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfánað undir vegi þar sem girt er með fram vegum en bithagar beggja vegna.

Greinargerð.

Árlega berast fréttir af alvarlegum umferðarslysum sem orðið hafa vegna þess að búfé gengur laust á vegum úti. Eftirfarandi tafla sýnir slysatíðni af þeim sökum frá árinu 1994 samkvæmt nýjum tölum frá Umferðarráði:

Ár	Slys	Dauði	Mikið slasaðir	Lítið slasaðir	Óhöpp án slysa
1994	4	0	0	5	59
1995	3	0	0	4	91
1996	4	0	2	8	89
1997	5	0	1	4	117
1998	4	0	0	5	*

* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Eins og hér kemur fram hefur fjöldi umferðaróhappa af völdum lausagöngu búfjár nærri því tvöfaldast á fjögurra ára bili og alls hafa 29 manns slasast í þessum umferðaróhöppum.

Umræðan um lausagöngu búfjár á vegum og hættuna sem af henni skapast verður sífellt háværari og hafa margir orðið til þess að hugleiða hvað væri til ráða. Ein þeirra lausna, sem litið hefur verið til, er að setja upp girðingar með fram öllum vegum. Viðhald slíkra girðinga þarf að vera viðvarandi ef tryggja á að þær haldi búfánaði frá umferðarleiðum vélknúinna ökutækja. Girðingar með fram vegum hafa hins vegar þann ókost að draga úr nýtingu túna og verða jafnvel einnig til þess að fjárrekstur fer um þjóðvegi.

Þá er þess að geta að víða háttar svo til að bithagar eru báðum megin vegar eða bithagar öðrum megin og vatnsból hinum megin. Við slíkar aðstæður hefur oft dregist að girða vegi vegna augljósra vandamála sem það hefði í för með sér. Sú lausn sem hér er gerð tillaga um yrði til þess að víkja þeim vandamáli úr sögunni.

Framtíðarlausn gæti verið að leggja göng úr ræsaþólum *undir* alla nýja vegi og vegi sem verið er að endurnýja og laga. Þannig má tryggja leið fyrir búfánað. Mikilvægt væri að nota tækifærið og gera slíkar rásir fyrir búfánað um leið og vegur er lagður eða endurbættur til að draga sem mest úr viðbótarkostnaði. Ef tekin verður ákvörðun um að girða þjóðvegi á næstu árum má um leið gera ráð fyrir búfjárrásum eins og hér er lýst og hafa um staðsetningu þeirra samráð við staðkunnuga í hverju tilviki. Enginn verulegur aukakostnaður hlýst af þessu ef

Það er gert um leið og vegirnir eru lagðir. Í nánast öllum tilvikum er hægt að staðsetja búfjár-rásir af þessu tagi þannig að þær nýttust einnig til að hleypa burt leysingarvatni á vorin en væru þurrar í annan tíma.

Reynsla af þessu fyrirkomulagi er fyrir hendi, t.d. á Austurlandi þar sem framsýnir bændur hafa fundið heppilega lausn á hættu sem stafar af lausagöngu búfjár. Sem dæmi má nefna bæinn Ásbrandsstaði í Vopnafirði, en þegar vegur þar var endurbyggður og lagt á hann bundið slitlag árið 1985 lét bóndinn þar leggja rörhólka undir veginn til þess að hægt væri að hleypa skepnum þar um án þess að þeim, eða akandi vegfarendum, stafaði hættu af. Fyrirkomulag þetta hefur reynst einstaklega vel.

Rás eins og hér hefur verið lýst sést á eftirfarandi teikningu.

